

Tap félagsins eftir skatta var 2.117 m.kr.

Fjármagnskostnaður var 1.782 m.kr. og þar af 1.083 m.kr. gengistaps.

Heildarafskriftir voru 702 m.kr. og þar af niðurfærsla viðskiptavildar að upphæð 438 m.kr.

Tekjur fyrri hluta árs jukust um 27% frá fyrra ári og námu 6.981 m.kr.

Handbært fé frá rekstri fyrir greiðslu vaxta var 683 m.kr.

Helstu niðurstöður fyrri hluta ársins 2008:

- Sala tímabilsins nam 6.981 m.kr. og jókst um 1.486 m.kr. eða 27% frá sama tímabili 2007
- Innri vöxtur tekna (pro forma) var 7% frá fyrra ári*
- Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) nam 331 m.kr. en var 413 m.kr. á sama tímabili 2007
- EBITDA hlutfall nam 5%
- Nettó fjármagnsliðir námu 1.782 m.kr. en þar á meðal var gengistap upp á 1.083 m.kr.
- Handbært fé og markaðsverðbréf námu 207 m.kr. í lok tímabilsins
- Eigið fé var 2.581 m.kr. og eiginfjárhlutfall var 18,1%

Helstu niðurstöður annars ársfjórðungs:

- Sala tímabilsins nam 3.520 m.kr. og jókst um 706 m.kr. eða 25% frá sama tímabili 2007
- Innri vöxtur tekna (pro forma) var 4% frá fyrra ári**
- Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) nam 144 m.kr. en var 274 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2007
- EBITDA hlutfall nam 4%, en var 10% fyrir sama tímabil í fyrra
- Nettó fjármagnsliðir námu 602 m.kr.

* Erlendi hluti EFG og tvö dótturfélög Senu (Concert og Þrjú Bíó, rekstrarfélag Háskólabíós) voru ekki inni á fyrsta ársfjórðungi 2007. Hins vegar var Innri hluti af samstæðunni.

** Erlendi hluti EFG og eitt dótturfélag Senu (Concert) voru ekki inni á öðrum ársfjórðungi 2007. Hins vegar var Innri hluti af samstæðunni. Pósthúsið er innleitt sem dótturfélag á öðrum ársfjórðungi 2008.

Árshlutareikningur 365 hf fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008

Reikningsskilaaðferðir og samþykkt reikninga

Árshlutareikningur 365 hf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðal um árshlutareikningsskil (IAS 34). Stjórn félagsins samþykkti árshlutareikninginn 25. júlí 2008.

Rekstrarreikningur

Rekstri 365 hf. er skipt upp í tvo starfsþætti, annars vegar fjölmiðla undir merkjum 365 miðla ehf. og Pósthússins ehf. og hins vegar afþreyingu sem félagin Sena ehf. og EFG ehf. falla undir.

Rekstrarreikningur í milljónum króna	1H2008	1H2007	Breyting
Sala	6.981	5.495	1.486
Kostnaðarverð seldrar vöru og þjónustu	(4.771)	(3.482)	(1.289)
Framlegð	2.210	2.013	197
Aðrar tekjur	8	0	8
Rekstrarkostnaður	(2.151)	(1.838)	(313)
Afskrift viðskiptavildar	(438)		(438)
(Rekstrartap)/ -hagnaður (EBIT)	(371)	175	(546)
Hreinir fjármagnsliðir	(1.782)	(170)	(1.612)
Áhrif hlutdeildarfélaganna	(68)	(78)	10
Tap fyrir skatta	(2.221)	(73)	(2.148)
Tekjuskattur	104	(7)	111
Tap	(2.117)	(80)	(2.037)

Próun tekna eftir starfsþáttum milljónir króna	2007	2007 1F	2007 2F	2007 3F	2007 4F	2008	2008 1F	2008 2F
Fjölmiðlar	8.182	1.864	2.005	1.945	2.368	4.673	2.255	2.418
Afþreying	4.955	1.045	980	1.091	1.839	2.966	1.502	1.463
Jöfnunarfærslur og móðurfélag	(756)	(228)	(171)	(201)	(156)	(649)	(296)	(353)
Samtals	12.381	2.681	2.814	2.835	4.051	6.989	3.461	3.528

Próun EBITDA eftir starfsþáttum milljónir króna	2007	2007 1F	2007 2F	2007 3F	2007 4F	2008	2008 1F	2008 2F
Fjölmiðlar	900	77	229	275	319	326	185	141
Afþreying	345	65	56	72	152	70	40	30
Móðurfélag	(83)	(3)	(11)	(2)	(67)	(65)	(38)	(27)
Samtals	1.162	139	274	345	404	331	187	144

Sölutekjur námu 3.520 m.kr. á öðrum ársfjórðungi 2008 og jukust um rúmlega 25% frá fyrra ári. Pro forma söluaukning nam 4%. Framlegð af rekstri 365 hf. nam 1.088 m.kr. á öðrum ársfjórðungi 2008 og var framlegðarhlutfallið 30,9%. Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) nam á öðrum ársfjórðungi 144 m.kr. sem er 130 m.kr. minna en á sama tímabili í fyrra þegar EBITDA var 274 m.kr. Tap fyrir fjármagnsliði og skatta (EBIT) nam 438 m.kr. en á sama tíma í fyrra var hagnaður upp á 141 m.kr.. Afskrift viðskiptavildar Pósthússins nam 438 m.kr. Hreinir fjármagnsliðir námu 602 m.kr. Tap að upphæð 1.147 m.kr. var af rekstri 365 hf. á öðrum ársfjórðungi 2008 samanborið við tap að upphæð 45 m.kr. á sama tíma í fyrra.

Sölutekjur fjölmiðla námu 2.418 m.kr. á öðrum ársfjórðungi og hækkuðu um 413 m.kr. frá fyrra ári eða um 21%. Hækkunina má rekja til nýrrar áskriftarstöðvar hjá 365 miðlum og sameiningu Pósthússins. Pósthúsið er tekið inn sem dótturfélag frá og með apríl mánuði og ný stöð Stöð2Sport2 sem sýnir enska boltann hóf göngu sína seinna hluta ársins 2007. EBITDA fjölmiðla nam 141 m.kr. á öðrum ársfjórðungi 2008 og lækkaði um 88 m.kr. eða sem svarar 38% lækkun milli ára. Tekjur á afþreyingarsviði námu 1.463 m.kr. á öðrum ársfjórðungi 2008 en námu 980 m.kr. í fyrra. Aukning á milli ára nemur því 49% sem skýrist að stærstum hluta af innkomu erlenda hluta EFG seinni hluta árs 2007. EBITDA afþreyingarsviðs nam 30 m.kr. og lækkaði um 26 m.kr. á milli ára.

Efnahagsreikningur

Heildareignir samkvæmt efnahagsreikningi 30. júní 2008 námu 14.221 m.kr. borið saman við 14.683 m.kr. í árslok 2007. Veltufjárhlutfall var 0,67 í lok júní 2008 en var 0,87 í lok árs 2007. Eiginfjárhlutfall var 18,1% samanborið við 31% í lok árs 2007. Stærstu hluthafar félagsins hafa samþykkt að leggja til aukið hlutfé til að mæta afborgunargreiðslum á langtíma lánum sem falla til næstu mánuði og til að styrkja fjárhagsstöðu félagsins.

Vaxtaberandi skuldir í lok júní 2008 námu 8.698 m.kr. borið saman við 7.269 m.kr. þann 31. desember 2007, eða hækkun um 1.429 m.kr. sem skýrist af gengisfalli íslensku krónunnar og vaxandi verðbólgu. Nettó vaxtaberandi skuldir námu 8.491 m.kr. í lok júní 2008 borið saman við 7.078 m.kr. í lok árs 2007.

Efnahagsreikningur í milljónum króna	30.6.2008	31.12.2007	Breyting
Eignir			
Fastafjármunir	11.011	10.897	114
Veltufjármunir	3.210	3.786	(576)
Þar af viðskiptakröfur	1.535	2.080	(545)
Eignir samtals	14.221	14.683	(462)
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé	2.581	4.545	(1.964)
Skuldir			
Langtímaskuldir	6.864	5.780	1.084
Skammtímaskuldir	4.776	4.358	418
Vaxtaberandi skuldir	8.698	7.269	1.429
Skuldir samtals	11.640	10.138	1.502
Eigið fé og skuldir samtals	14.221	14.683	(462)

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri á tímabilinu fyrir greiðslu vaxta nam 683 m.kr. en eftir greiðslu þeirra 255 m.kr.. Lækkun handbærs fjár vegna fjárfestingahreyfinga nam 393 m.kr. þ.a. hreinar fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum að fjárhæð 204 m.kr.. Hækkun handbærs fjár vegna fjármögnunarahreyfinga nam 135 m.kr. Handbært fé í lok júní nam 207 m.kr.

Sjóðstreymi í milljónum króna	1H2008	1H2007
Tap samkvæmt rekstrarreikningi	(2.117)	(80)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi	2.800	(170)
Handbært fé frá/(til) rekstrar fyrir greiðslu vaxta	683	(250)
Innborgaðar vaxtatekjur	121	55
Greidd vaxtagjöld	(549)	(462)
Handbært fé frá/(til) rekstrar	255	(657)
Fjárfestingahreyfingar	(393)	24
Fjármögnunarahreyfingar	135	422
Breyting á handbæru fé	(3)	(211)
Handbært fé í upphafi tímabils	190	944
Áhrif gengissveiflna á handbært fé	20	0
Handbært fé í lok tímabils	207	733

Rekstrarhorfur 2008

Stjórnendur telja að reksturinn verði ekki langt frá útgefnum áætlunum, sem telja megi viðunandi miðað við þær erfiðu aðstæður sem nú ríkjá í íslensku efnahagslífi.

Afskráning

OMX Nordic Exchange Iceland hf. hefur samþykkt beiðni 365 hf. um töku hlutabréfa félagsins úr viðskiptum. Hlutabréfin verða tekin úr viðskiptum eftir lokun viðskipta föstudaginn 8. ágúst 2008. Vegna fyrirhugaðrar afskráningar fór fram tilboð til hluthafa félagsins um kaup á bréfum hluthafa á genginu 1,20 kr. Eigendur 7,2% hlutafjár í 365 hf., eða 185 aðilar hafa samþykkt kautilboðið. Eigendur tæplega 93% hlutafjár (þar af rúm 2% í eigin bréfum félagsins), eða um 625 aðilar, munu eiga hluti sína áfram í félaginu eftir afskráningu þess.

Nánari upplýsingar veita:

Ari Edwald forstjóri í síma 821 0365 og Lára Eggertsdóttir fjármálastjóri í síma 696 9044